

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/162*  
*komudagur 17.11.2006*

G. Pétur Matthíasson  
trúnaðarmaður FF  
Ríkisútvarpinu

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra**  
**Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis**

Kæri ráðherra og kæri formaður

undirritaður óskar fyrir hönd umbjóðenda sinna skýrra svara af hálfu ráðherra og menntamálanefndar varðandi réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstrarformi RÚV,

vísað er til svars ráðherra við spurningum blaðamanns Fréttablaðsins sem svo birtust 15. nóvember 2006:

"Málið mun fá sinn eðlilega framgang en ætlunin er að sjálfsögðu að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins haldist."

Spurt er, hvemig verður þetta tryggt?

Ekki stendur það í frumvarpinu eins og það lítur út núna og það eitt ljóst að starfsmenn Ríkisútvarpsins hætta að verða opinberir starfsmenn og verða starfsmenn á almennum markaði. Við þá breytingu tapast víðtæk réttindi og má nefnda lífeyrisréttindi, orlofsréttindi, fæðingarorlofsréttur og biðlaunaréttur. Útvarpsstjóri fær víðtækt vald til samninga við starfsmenn en getur engu svarað um hvað Ríkisútvarpið ohf hyggst fyrir.

Með von um skjót svör,

virðingarfyllt



**G. Pétur Matthíasson**  
**trúnaðarmaður Félags fréttamanna**

PS. Bréfið verður boðsent á föstudag á pappírformi, afrit til varaformanns menntamálanefndar